

## Stelpur á einhverfurófi

Það er ekki fyrr en nýlega sem athyglin hefur beinst að því að birtingarmynd einhverfu hjá stelpum getur verið mjög frábargðin því sem sést hjá strákum. Greiningarskilmerkin eru sniðin að almennri birtingarmynd einhverfu hjá strákum sem er talið skýra af hverju stelpur sem eru með vægari einkenni á rófinu, ADHD lík einkenni eða sterkan vitsmunaproska greinast oft ekki fyrr en eftir 10 ára aldur, alls ekki eða eru ranglega greindar með kvíða, depurð og/eða ADHD á lífsleiðinni.

### Kynjamunurinn kemur helst fram í að stelpur á einhverfurófi

- sýna minna af sérkennilegri og áráttukenndri hegðun en strákar.
- eru með fjölbreyttari áhugamál en strákar og ef áhugamálin eru mjög afmörkuð eru þau oft meira félagslega viðeigandi en hjá strákum.
- eru með meiri orðaforða og betri orðskilning en strákar.
- eru með betri félagsfærni en strákar eins og stelpur almennt.

Og þó að hvert barn á einhverfurófi sé ólíkt eru **ákveðin einkenni eða birtingarmynd þeirra sameiginleg hjá stelpum á rófinu:**

- Eru feimnar og/eða hlédrægar í félagslegum og nýjum aðstæðum eins og í veislum eða skólanum en tala mikið, hvatvísar, taka reiðiköst, missa stjórn á skapi sínu og sýna töluverðan mótþróa heima eða í öruggu umhverfi.
- Geta leikið viðeigandi með leikföng en leikurinn á til að fylgja ákveðinni rúttinu.
- Eiga erfitt með að leyfa öðrum að stjórna í leik og velja að leika einar ef þær hafa ekki stjórn.
- Geta sýnt samúð og samhyggð en eiga erfitt með að lesa í líkamstjáningu og sviðbrigði.
- Apa eftir félagslegri hegðun annarra til að blandast í hópinn og skortir oft frumkvæði eða nálgast aðra án orða því þær vita ekki alveg hvað á að segja.
- Hafa tilhneigingu til að endurtaka setningar, nota þær á rangan hátt og tala eins og eftir handriti.
- Eru með mjög gott minni, sérstaklega á staðreyndir og atburði.
- Oft (ekki alltaf) með sterkan vitsmunaproska og standa sig vel í námi.
- Hafa einhæf áhugamál sem tengjast dýrum, bókmenntum, tónlist, myndlist og/eða íþróttum.
- Eru skapandi og með gott ímyndunarafli og geta oft skapað mjög þróaðan ímyndunarheim sem þær sökkva sér í og jafnvel flýja í ef áreiti eða aðstæður verða yfirþirmandi.
- Hafa frávik í skynúrvinnslu sem birtist oft í að þola ekki miða á fötum og hvernig þau liggja á líkamanum, áferð á mat, hávaða og birtustig.

Hlédrægni og hlýðni á almannafæri, góður orðaforði, félagslega viðeigandi áhugamál og færni í að apa eftir félagslegri hegðun annarra gerir það oft að verkum að starfsfólk leik- og grunnskóla og heilsugæslu missir af þessum stelpum og skilur ekki áhyggjur foreldra sem sjá allt aðra birtingarmynd heima með endalausum tilfinningasveiflum, árekstrum og mótþróa.

Þessar stelpur einangrast oft milli 7 og 9 ára vegna þess að kröfur í félagslegum samskiptum aukast, þær eiga til að einangrast á unglinsaldri og samhliða eykst streitustigið heima við.

Því fyrr sem við berum kennsl á vandann, því fyrr getum við gripið inn í, unnið með veikleika og skort á færni og nýtt styrkleika til að byggja upp sterkar stelpur með góða sjálfsmynd, tilfinningastjórn og samskiptafærni.